

104. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 12. ágúst 2009 í Stykkishólmi

Mætt: Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson og Trausti Baldursson. Ásgeir Gunnar þurfti að víkja frá fundi kl 15:20.

Fundarritari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson.

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 102. og 103. fundar

Afgreiðsla:

Fundargerðirnar voru uppliesnar og samþykktar.

Upplýsingaskilti við ferjuhafnir á Breiðafirði

- A) Lagt var fram erindi Stykkishólmsbæjar, dags. 19. júní 2009, þar sem Breiðafjarðarnefnd er bent á að leita eftir samstarfi við hafnarstjórn varðandi uppsetningu skilta á hafnarsvæðinu og að útlit skilta við höfnina skuli vera samræmt og í samræmi við reglur Stykkishólmsbæjar um útlit og staðsetningu auglýsingaskilta.
B) Drög að texta upplýsingaskiltanna voru rædd ítarlega og gerðar á þeim breytingar.

Afgreiðsla:

- A) Breiðafjarðarnefnd mun sækja um tilskilin leyfi hjá hafnarstjórn Stykkishólmsbæjar þegar tillögur liggja fyrir.
B) Nefndarmenn munu leita að myndum til að nota á skiltin. Ákveðið verður á næsta fundi hvaða myndir verða notaðar á skiltin.

Skýrsla vegna vinnufundar um menningarminjar

Magnús lagði fram skýrslu frá vinnufundi sérfræðinga um menningarminjar sem haldinn var 17.-18. apríl 2009. Magnús fór lauslega yfir skýrsluna með nefndarmönnum.

Afgreiðsla:

Skýrslan verður gerð aðgengileg á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar.

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð

Rætt var um áframhaldandi vinnu vegna verndaráætlunarinnar fyrir Breiðafjörð. Þá var rædd sú tillaga að skipuð verði ritstjórn sem hefði umsjón með lokafrágangi skýrslunnar.

Afgreiðsla:

Nefndarmenn munu hver fyrir sig lesa yfir verndaráætlunina og vera tilbúnir með athugasemdir við næstu yfirferð.

Önnur mál

Koma meistaranaema til Breiðafjarðar

Kolbrún kynnti tölvupóst frá Sigríði Ólafsdóttur, verkefnisstjóra við Háskólastetur Vestfjarða, dagsett 11. ágúst 2009. Ætlunin er sú að nemendur í meistaranaði í haf- og strandsvæðastjórnun komi og kynni sér verndarsvæði Breiðafjarðar. Einnig voru nokkrar spurningar lagðar fyrir nefndina.

Afgreiðsla:

Formaður mun svara erindi Sigríðar og kynna störf nefndarinnar.

Fundi var slitið kl. 15:40. Næsti fundur verður haldinn 9. september 2009.